Réttartannlæknisfræði 2026 – Inngangur



DORTHE ARENHOLT BINDSLEV, DDS, PHD. PROFESSOR EMERITA,
SÉRFRÆÐINGUR Í TANNRÉTTINGUM, RÉTTARLÆKNISFRÆÐIDEILD HÁSKÓLANS Í ÁRÓSUM, DANMÖRKU
ORCID-NÚMER: 0009-0006-5653-2163
ANNA JINGHEDE SUNDWALL, DDS, MSC. LÖGREGLUMAÐUR/RANNSAKANDI Á VETTVANGI,
RÉTTARTANNLÆKNIR, TÆKNIDEILD SÆNSKU LÖGREGLUNNAR Í BERGSLAGEN ÖREBRO, DOKTORSNEMI,
KAROLINSKA INSTITUTET, KRABBAMEINS- OG MEINAFRÆÐIDEILD, STOKKHÓLMI, SVÍÞJÓÐ
ORCID-NÚMER 0009-0007-5132-3618
MARI METSÄNIITTY, DDS, PHD, RÉTTARTANNLÆKNIR, FINNSKA HEILBRIGÐIS- OG VELFERÐARSTOFNUNIN,
RÉTTARLÆKNISFRÆÐI, DEILD OPINBERRAR ÞJÓNUSTU, HELSINKI, FINNLAND
ORCID-NÚMER 0000-0001-8437-1607
SIMEN E. KOPPERUD, DÓSENT, DDS, PHD, DEILD TANNLÆKNINGA BARNA, ATFERLIS- OG
RÉTTARTANNLÆKNISFRÆÐI, TANNLÆKNINGADEILD HÁSKÓLANS Í OSLÓ, NOREGUR
ORCID-NÚMER 0000-0003-4689-4452
SIGRÍÐUR RÓSA VÍÐISDÓTTIR, DDS, MS. LEKTOR, TANNLÆKNADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS, REYKJAVÍK, ÍSLAND.
ORCID-NÚMER 0000-0001-9456-0305
SVEND RICHTER, DDS, MS. DÓSENT EMERITUS, TANNLÆKNADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS, RITSTJÓRI
TANNLÆKNABLAÐSINS, REYKJAVÍK, ÍSLAND.
ORCID-NÚMER 0000-0002-9504-4043

TANNLÆKNABLAÐIÐ 2026; 44(1): 63-69
TENGILL: ANNA JINGHEDE SUNDWALL, anna.jinghede@polisen.se
doi: 1033112/tann.44.1.5
Samþykkt til birtingar 14. maí 2025

ÁGRIP

ÁGRIP
Réttartannlæknisfræði er sérgrein innan tannlæknisfræði. Réttartannlæknar vinna aðallega að verkefnum frá yfirvöldum eða samhliða náskyldum sérgreinum á borð við réttarlækningar. Dæmi um helstu verkefni réttartannlækna er að bera kennsl á menn út frá tönnum, framkvæma aldursgreiningu og greina tannleifar eða hluti/líkamsvefi þar sem grunur leikur á að ummerki frá tönnum séu til staðar. Þessi grein kynnir helstu þætti réttartannlæknisfræði sem fjallað er um í þessum greinarflokki.

Lykilorð: Réttartannlæknisfræði

INNGANGUR

Réttartannlæknisfræði er sérgrein sem lýtur að ítarlegri greiningu tanna og aðliggjandi vefja að beiðni dómsmálayfirvalda, lögreglu og réttarmeinafræðinga. Í þessari grein má finna samantekt á þeim þáttum réttartannlæknisfræði sem farið verður yfir í þessum greinarflokki þar sem norrænir og alþjóðlegir fræðimenn kynna nýjustu þekkingu á þessu sérstaka sviði tannlæknisfræðinnar.

HELSTU VIÐFANGSEFNI Í RÉTTARTANNLÆKNISFRÆÐI

Auðkenning manna

Auðkenning manna er eitt helsta verkefni réttartannlækna (1). Greining tanna og tannleifa er meðal öruggustu og aðgengilegustu leiða til að bera kennsl á menn, þar sem tennur eru persónugreinanlegar og geta þolað eld, langvarandi legu í vatni eða jarðvegi, áverka og rotnun. Alþjóðlegar leiðbeiningar viðurkenna réttarfræðilega tanngreiningu sem eina af þremur helstu auðkenningaraðferðum (primary identifiers), ásamt greiningu DNA og fingrafara (4). Réttartannlæknisfræðileg greining byggist á nákvæmum samanburði tanneinkenna látins einstaklings og tannlæknaskýrslum horfinna einstaklinga. Nákvæm *post mortem* (eftir dauða) gögn um tannstatus, formfræði tanna, tannviðgerðir, líffærafræðileg einkenni kjálka og ítarleg röntgengreining tanna og kjálka eru borin saman við sambærileg gögn frá horfnum einstaklingum (4,5). Réttartannlæknisfræðileg greining styðst meðal annars við þrívíddarskönnun munnhols (6) og sneiðmyndatöku (7).

Réttartannlæknisfræði gegnir mikilvægu hlutverki við að bera kennsl á fórnarlömb í kjölfar stórslysa (3). Stórslys, hvort sem um er að ræða náttúruhamfarir eins og jarðskjálfta og flóðbylgjur eða hamfarir af mannavöldum á borð við hryðjuverkaárásir eða fjöldaslys, valda oft miklum skaða á mannslíkamanum (8). Auðkenning fórnarlamba stórslysa (DVI, Disaster Victim Identification) er staðlað verklag þróað af INTERPOL og notað í mörgum löndum (4). Um er að ræða staðlaðar verklagsreglur fyrir öll fjögur stig DVI-aðgerða, frá vettvangsrannsókn til samanburðar auðkenningar, sem miða að því að tryggja samræmda og örugga leið til að bera kennsl á einstaklinga sem hafa látist. Meginmarkmið DVI-aðgerða er að bera kennsl á látna einstaklinga í því skyni að veita eftirlifandi aðstandendum svör, auðvelda lögformlega ferla og stuðla að enduruppbyggingu samfélags eftir stórslys (4,9). Við DVI-aðgerðir sjá réttartannlæknar um að safna saman, skrá og bera saman tannfræðileg AM (*ante mortem*) og PM (*post mortem*) gögn, Mynd 1 (10).



Mynd 1. DVI-teymi að störfum á fyrstu stigum eftir flóðbylgjuna í Asíu í desember 2004. Fyrstu vikurnar var fórnarlömbum safnað saman og þau skoðuð á vernduðum musterissvæðum.
Figure 1. DVI team at work in the initial phase of the DVI process after the Asian tsunami December 2024. During the first week victims were collected and examined in protected temple areas.

Réttartannlæknisfræðileg greining felst oft í að bera tannviðgerðir hjá látnum einstaklingi saman við tannlæknaskýrslur horfinna einstaklinga. Því eru nákvæmar tannlæknaskýrslur grundvallaratriði fyrir auðkenningu af tönnum. Vandaðar tannlæknaskýrslur eru mikilvægar fyrir tannlækna og sjúklinga. Slíkar skýrslur fela í sér kerfisbundna skráningu á munnheilsu, sjúkdómsgreiningu, meðferðaráætlun og aðgerðum, ásamt öðrum ítarlegum upplýsingum. Tannlæknaskýrslur tryggja vandaða og samfellda meðferð ásamt því að gegna lagalegum tilgangi fyrir tannlækna og sjúklinga. Í greininni „Tannlæknaskýrslur á Norðurlöndum“ verður fjallað um hvernig tannlæknaskýrslur eru notaðar til auðkenningar af tönnum, hvaða upplýsingar réttartannlæknar þurfa við vinnu sína og reglugerðir sem gilda um tannlæknaskýrslur á Norðurlöndum.

Aldursgreining

Aldursgreining er mikilvæg við auðkenningu látinna (1,4). Hjá ungum einstaklingi má nota þroskaferil og framkomu tanna og hjá eldri einstaklingi hrörnunarbreytingar á borð við myndun annars stigs tannbeins. Þegar um látinn einstakling er að ræða er unnt að taka stakt tannsýni til aldursgreiningar. Fjallað er um aldursgreiningu tanna í greinunum „Aldursgreining tanna“ og „Barn eða fullorðinn - nálgun á Norðurlöndum og í Evrópu“.

Réttarlæknisfræðilegar aðferðir við aldursgreiningu hjá lifandi fólki eru mismunandi milli Norðurlanda og í Evrópu og í nokkrum löndum skortir löggjöf um réttarlæknisfræðilega aldursgreiningu (13). Þegar útlendingayfirvöld fara fram á aldursgreiningu er oftast um fylgdarlaus börn að ræða þar sem meta þarf hvort viðkomandi er yngri en 18 ára (11).

Við læknisfræðilega aldursgreiningu þarf að hafa ítarlega þekkingu á eðlilegum vexti og þroska. Í réttarlæknisfræði er oftast stuðst við hæðarmælingar ásamt mati á bein- og tannþroska (12).

Ef aldur lifandi einstaklings er óljós er aldur metinn með læknisfræðilegum hætti en einnig með mati á vottorðum og skjölum, sálfélagslegu mati eða aldursgreiningarviðtali (13,14). Í greininni „Barn eða fullorðinn - nálgun á Norðurlöndum og í Evrópu“ er fjallað um mismunandi aðferðir við aldursgreiningu á Norðurlöndum og innan Evrópu.

Líffræðileg mannfræði

Líffræðileg mannfræði er sú grein mannfræði sem fæst við rannsóknir á líffræðilegum og lífeðlisfræðilegum einkennum manna og þróun þeirra. Tannfræðileg mannfræði er undirgrein líffræðilegrar mannfræði þar sem notast er við upplýsingar um tennur og kjálka. Beinafræði höfuðkúpu og kjálka, sem og tennur og nálægir vefir gegna mikilvægu hlutverki við að bera kennsl á fórnarlömb sakamála og stórslysa, óþekktar líkamsleifar og við fornleifarannsóknir. Þessar upplýsingar geta einnig nýst við greiningu á aldri, kyni og líkamshæð (15,16).

Formfræðileg frávik, fjöldafrávik (tannfæð, aukatennur, tannmergð) og frávik varðandi komu tanna (festa í beini, staðvilla) geta nýst við réttartannlæknisfræðilega auðkenningu (17). Í greininni „Réttarfræðileg mannfræði“ er fjallað um líffræðilega mannfræði í réttarvísindum.

Greining bitfara

Greining bitfara felur yfirleitt í sér skoðun og greiningu mynstraðra áverka (pattern injuries) á fórnarlambi eða hlutum á vettvangi glæps og samanburð við tannför hugsanlegs geranda. Samkvæmt nýlegum skýrslum eru bitför óáreiðanleg sönnunargögn og vísindalegar upplýsingar eru takmarkaðar (18). Greining bitfara er því umdeild innan réttartannlæknisfræði (19,20). Áður fyrr hafa nokkur sérfræðiálit um bitför verið sett fram á afar vafasömum forsendum, sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem mikið hefur verið stuðst við vitnisburð sérfræðinga (20).


Gæði bitfara eru oft ófullnægjandi og nýtast ekki við greiningu. Réttartannlæknar á Norðurlöndum hafa ávallt stigið mjög varlega til jarðar við greiningu bitfara.

Ávallt skal taka DNA-sýni (munnvatnssýni) úr bitförum ef þess er nokkur kostur (21). Í greininni „Bitför“ er farið yfir áskoranir við greiningu bitfara.


Heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er skilgreint sem endurtekið hegðunarmynstur í nánu sambandi sem veldur líkamlegum, kynferðislegum eða sálrænum skaða, þar á meðal líkamlegt, kynferðislegt, andlegt ofbeldi og stjórnsemi (22). Einnig getur verið um að ræða ofbeldi gegn börnum, öldruðum eða systkinum (23). Höfuð, andlit og háls eru sérlega viðkvæm þegar um er að ræða líkamlegt heimilisofbeldi og slíkir áverkar geta gefið til kynna að um heimilisofbeldi sé að ræða; allt að 80% sýnilegra áverka hjá fullorðnum konum (24) og 50–75% sýnilegra áverka hjá börnum (25) eru á þessum svæðum. Fjallað er um þetta efni í greininni „Hlutverk tannlæknateymis í heimilisofbeldismálum“.

Tannlæknar hitta marga sjúklinga dag hvern og eru í einstakri aðstöðu til að bera kennsl á ummerki heimilisofbeldis og veita nauðsynlegan stuðning. Tannlæknar eru einnig í



Mynd 2. Möguleg bitför í morðmáli. Óskað var eftir greiningu réttartannlæknis.
Figure 2. Suspected bite marks in a homicide case. Forensic dental evaluation was requested.



Mynd 3. Mismunandi mynstur gómfellinga hjá þremur einstaklingum.
Figure 3.Different patterns of rugae palatini in 3 individual persons.

lykilstöðu til að skrá og tilkynna hugsanlegt heimilisofbeldi og í mörgum löndum er tilkynningarskylda þegar grunur er um ofbeldi (26). Áverkar í munni og á andliti vegna heimilisofbeldis geta meðal annars verið brotnar eða lausar tennur, skurðáverkar á mjúkvef, brot á kjálka og marblettir. Slíkir áverkar eru ekki aðeins sársaukafullir heldur geta haft langvarandi afleiðingar á heilsu og líðan viðkomandi. Ómeðhöndlaðar tannskemmdir eða léleg munnhirða geta einnig verið vísbending um víðtæka misnotkun eða vanrækslu og ætti að skrá slík ummerki nákvæmlega (26).

Greining og skráning áverka á tönnum vegna heimilisofbeldis gegnir mikilvægu hlutverki við rannsókn og meðferð ofbeldismála. Þar sem réttartannlæknar veita refsivörslukerfinu og öðrum tannlæknum fræðslu og gefa sérfræðiálit í ofbeldismálum, einkum heimilisofbeldismálum er hlutverk þeirra afar mikilvægt á ýmsum sviðum (27).

Sérstök atriði í nútíma réttartannlæknisfræði

Hugsanlegt gildi gómfellinga við auðkenningu manna

Greining gómfellinga (rugae palatinae) sem eru óreglulegir bandvefshryggir á harða gómi getur verið mikilvæg viðbót við hefðbundna auðkenningu sem réttartannlæknar ættu að þekkja. Einstakt mynstur gómfellinga er til staðar alla ævi og talið er að það endurnýist á óbreyttu formi jafnvel þó það skaðist, Mynd 3 (28).


Rannsóknir hafa sýnt fram á að fjöldi, staðsetning, lengd, lögun, stefna og þéttleiki gómfellinga er einstaklingsbundinn og því eru þær nokkuð áreiðanlegar til auðkenningar (29). Gómfellingar liggja miðsvæðis í munnholi og eru vel varðar af kinnum, vörum, tungu, tönnum og beinum. Því þola þær vel skaða af völdum efna, hás hita, sjúkdóma eða áverka sem verða fyrir andlát og eru oft óskaddaðar í allt að viku eftir andlát (30).

Framfarir við stafræna skönnunartækni (sérstaklega við tannréttingar og tannsmíði) gera að verkum að auðveldara er að deila nákvæmum stafrænum afritum af gómfellingum og eiginleikum tanna.


Greining varafara

Greining varafara (cheiloscopy) felur í sér að greina einstaklingsbundnar línur og rákir í hrukkum og raufum á svæðinu milli móta vararauða og húðar (vermilion border) og innri varaslímhúðar. Í réttarvísindum er hægt að nota einstaklingsbundin varaför sem sönnunargögn í sakamálarannsóknum. Varaför finnast oft á vettvangi glæps, t.d. á drykkjarílátum, sígarettustubbum eða pappírsþurrkum. Hægt er að ná afriti af varaförum af ýmsum flötum og bera saman við þekkt varaför til að auðkenna þann einstakling sem þau tilheyra. Hægt er að greina einstaklingsbundna eiginleika varafara, s.s. lögun, mynstur og fjölda ójafna (31).

Greining varafara hefur ýmsa möguleika í för með



Mynd 4. Vinstri: varafar yfirlit, hægri: Varafar á neðri vör vinstra megin.
Figure 4. Left: lip print overview, right: lip print, details lower lip left.



Mynd 5. Þrívíð yfirborðsskönnun á bitflötum efri og neðri góms: staða og nákvæm formgerð stakra tanna. Hægt er að færa og skoða þrívíddarlíkön frá öllum hliðum með viðeigandi hugbúnaði.
Efri myndir: Efri og neðri kjálki lifandi einstaklings.
Neðri myndir: Efri og neðri kjálki látins einstaklings..
Figure 5. 3D surface scans, occlusal views, of upper and lower jaws: tooth positions and detailed morphology of the individual teeth. In the related software the 3D models can be moved and viewed from all aspects.
Upper images: Upper and lower jaw of a living person.
Lower: Upper and lower jaw of a deceased individual.

sér við réttarrannsóknir en einnig fylgja henni margar takmarkanir og áskoranir. Umhverfisþættir, óhreinindi, veður, breytingar eftir andlát og óviðeigandi aðferð við sýnatöku geta haft áhrif á varaför. Ekki eru enn til staðlaðar aðferðir við rannsókn varafara, líkt og á við um fingraför, og enginn alþjóðlegur gagnagrunnur er til, sem takmarkar samanburðargetu. Almennt eru varaför ekki viðurkennd sem örugg réttarlæknisfræðileg gögn og lagalegt notagildi þeirra því takmarkað. Rannsóknir til að koma á betri flokkunarkerfum standa nú yfir þar sem vonast er til að unnt verði að nýta greiningu varafara samhliða öðrum réttarlæknisfræðilegum aðferðum, Mynd 4 (32).

Þrívíddarmyndataka við réttartannlæknisfræðilega auðkenningu

Með aukinni notkun þrívíddarskanna í tannlækningum, t.d. fyrir tannréttingameðferð hjá börnum og ungu fólki, má oftar finna stafræn þrívíð gögn um formfræði tanna, gómfellingar og önnur einkenni í munnholi í tannlæknaskýrslum. Slík gögn eru mjög mikilvæg þegar bera þarf kennsl á líkamsleifar, sérstaklega þegar fáar tannviðgerðir eru til staðar sem greina má með hefðbundnum tvívíðum gögnum (33). Rannsóknir standa yfir í þeim tilgangi að þróa öruggar, aðgengilegar og magnbundnar matsaðferðir til að gera réttartannlæknum kleift að bera saman skannanir af munnholi fyrir og eftir andlát. Slíkar aðferðir munu verða mjög mikilvægar við undirbúning þegar auðkenna þarf fórnarlömb mjög mannskæðra stórslysa, Mynd 4 (34).

Greining tannsteins í réttartannlæknisfræði og mannfræði

Tannsteinn fangar örleifar og sameindir sem einstaklingur andar að sér eða tekur inn, meðvitað eða ómeðvitað, í daglegum athöfnum (35). Því hefur tannsteinn verið skoðaður í ýmsum rannsóknum á fornum líkamsleifum. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að mat á tannsteini kann að nýtast við réttarrannsóknir (36). Til dæmis hefur komið í ljós að leifar margra lyfja, vímuefna og niðurbrotsefna þeirra, m.a. heróín, kókaín og ópíum, verða eftir í tannsteini (37). Við rannsókn glæpa- og ofbeldismála er ekki víst að

slík efni finnist í líkamsvessum við krufningu þó þau kunni að hafa átt þátt í dauða. Nákvæmar aðferðir til að greina lyf og niðurbrotsefni þeirra í tannsteini geta komið að gagni við réttarrannsóknir ásamt því að auka þekkingu á lyfjum og örvandi efnum sem notuð voru til forna (37).

NIÐURSTÖÐUR

Í þessari kynningargrein er fjallað um helstu verkefni réttartannlækna og nýjustu rannsóknarsvið í réttartannlæknisfræði. Í greininni „Menntun og þjálfun í réttartannlæknisfræði á Norðurlöndum" má finna samantekt um kennslu í réttartannlæknisfræði á Norðurlöndum og í Evrópu fyrir áhugasama lesendur.

HEIMILDIR

1. Taylor J, Kieser J, editors. Forensic Odontology: Principles and Practice. Newark: John Wiley & Sons, Inc.; 2016.
2. Sweet D. Interpol DVI best-practice standards – An overview. Forensic Sci Int. 2010;201:18–21.
3. Wood JD. Forensic dental identification in mass disasters: The current status. J Calif Dent Assoc. 2014;42:379–83.
4. Disaster Victim Identification Guide. 2023. INTERPOL. Lyon; 2023. https://www.interpol.int/How-we-work/Forensics/Disaster-Victim-Identification-DVI
5. Forrest A. Forensic odontology in DVI: Current practice and recent advances. Forensic Sci Res. 2019;4:316–30.
6. Perkins H, Hughes T, Forrest A, Higgins D. 3D dental records in Australian dental practice – a hidden gold mine for forensic identification. Aust J Forensic Sci. 2024;1–18.
7. Prokopowicz V, Borowska-Solonynko A. The current state of using post-mortem computed tomography for personal identification beyond odontology – A systematic literature review. Forensic Sci Int. 2025;367:112377.
8. Cattaneo C, De Angelis D, Grandi M. Mass Disasters. In: Schmitt A, Cunha E, Pinheiro J, editors. Forensic Anthropology and Medicine. Totowa: Humana Press; 2006. p. 431–43.
9. Hinchliffe J. Forensic odontology, part 2. Major disasters. Br Dent J. 2011;210:269–74.
10. Hill AJ, Hewson I, Lain R. The role of the forensic odontologist in disaster victim identification: Lessons for management. Forensic Sci Int. 2011;5:44–7.
11. Kenny MA, Loughry M. Addressing the limitations of age determination for unaccompanied minors: A way forward. Child Youth Serv Rev. 2018;92:15–21.
12. Schmeling A, Dettmeyer R, Rudolf E, Vieth V, Geserick G. Forensic age estimation: Methods, certainty, and the law. Dtsch Arztebl Int. 2016;113:44–50.
13. European Asylum Support Office (EASO). Age assessment practices in EU+ countries: updated findings. EASO Practical Guide Series. Luxembourg: Publication Office of the European Union. 2018.
14. Schumacher G, Schmeling A, Rudolph E. Medical age assessment of juvenile migrants—An analysis of age marker-based assessment criteria. 2018.
15. Jayakrishnan JM, Reddy J, Vinod Kumar RB. Role of forensic odontology and anthropology in the identification of human remains. J Oral Maxillofac Pathol. 2021;25:543–7.
16. Ubelaker DH, Shamlou A, Kunkle A. Contributions of forensic anthropology to positive scientific identification: A critical review. Forensic Sci Res. 2019;4:45–50.
17. Richter S, Vidisdottir S. Dental profiling in forensic science and archaeology. Icelandic Dent J. 2022;40:32–43.
18. Sauerwein K, Butler JM, Reed C, et al. Bitemark analysis: A NIST scientific foundation review. NIST Ser NIST IR 8352. Gaithersburg; 2022.
19. Pretty IA, Sweet D. The scientific basis for human bitemark analyses – A critical review. Sci Justice. 2001;41:85–92.
20. Pretty IA, Sweet DJ. The judicial view of bitemarks within the United States criminal justice system. J Forensic Odontostomatol. 2006;24:1–11.
21. Larsen LS. Bidmærkeanalyse. Tandlaegebladet. 2023;127:678–85.
22. World Health Organization. Responding to Intimate Partner Violence and Sexual Violence Against Women: WHO Clinical and Policy Guidelines. Geneva; 2013.
23. Coulthard P, Yong SL, Adamson L, Warburton A, Worthington HV, Esposito M, et al. Domestic violence screening and intervention programmes for adults with dental or facial injury. Cochrane Database Syst Rev. 2010;8(12):CD004486.
24. Wong JYH, Choi AWM, Fong DYT, Wong JKS, Lau CL, Kam CW. Patterns, aetiology and risk factors of intimate partner violence-related injuries to head, neck and face in Chinese women. BMC Womens Health. 2014;14(1):6.
25. Sibbal P, Friedman CS. Child abuse: Implications for the dental health professionals. J Can Dent Assoc. 1993;59:909–12.
26. Spiller LR. Orofacial manifestations of child maltreatment: A review. Dent Traumatol. 2024;40:10–7.
27. Hinchliffe J. Forensic odontology, part 5. Child abuse issues. Br Dent J. 2011;210:423–8.
28. Jain A, Chowdhary R. Palatal rugae and their role in forensic odontology. J Investig Clin Dent. 2014;5:171–8.
29. Chong JA, Mohamed AMFS, Pau A. Morphological patterns of the palatal rugae: A review. J Oral Biosci. 2020;62:249–59.
30. Poojya R, Shruthi CS, Rajashekar VM, Kaimal A. Palatal rugae patterns in edentulous cases – Are they a reliable forensic marker? Int J Biomed Sci. 2015;11:109–12.
31. Bhattacharjee R, Kar AK. Cheiloscopy: A crucial technique in forensics for personal identification and its admissibility in the Court of Justice. Morphologie. 2024;108:100701.

English Summary

Forensic Odontology 2026 – An introduction

DORTHE ARENHOLT BINDSLEV, DDS, PHD. PROFESSOR EMERITA, SPECIALIST IN ORTHODONTICS, DEPARTMENT OF FORENSIC MEDICINE, AARHUS UNIVERSITY, DENMARK.
ORCID ID 0009-0006-5653-2163
ANNA JINGHEDE SUNDWALL, DDS, MSC. POLICE OFFICER/CRIME SCENE INVESTIGATOR, FORENSIC ODONTOLOGIST, SWEDISH POLICE AUTHORITY, SECTION OF FORENSICS, POLICE REGION BERGSLAGEN ÖREBRO, SWEDEN.
ORCID ID 0009-0007-5132-3618
MARI METSÄNIITTY, DDS, PHD, FORENSIC ODONTOLOGIST, FINNISH INSTITUTE FOR HEALTH AND WELFARE, FORENSIC MEDICINE, DEPARTMENT OF GOVERNMENT SERVICES, HELSINKI, FINLAND
ORCID ID 0000-0001-8437-1607
SIMEN E. KOPPERUD, DDS, PHD, ASSOCIATE PROFESSOR, DEPARTMENT OF PAEDIATRIC DENTISTRY, BEHAVIOURAL SCIENCE AND FORENSIC DENTISTRY, FACULTY OF DENTISTRY, UNIVERSITY OF OSLO, NORWAY. SIMEN.
ORCID ID 0000-0003-4689-4452
SIGRÍÐUR RÓSA VÍÐISDÓTTIR, DDS, MSC. ASSISTANT PROFESSOR, FACULTY OF ODONTOLOGY, UNIVERSITY OF ICELAND
ORCID ID 0000-0001-9456-0305
SVEND RICHTER, DDS, MSC. ASSOCIATE PROFESSOR EMERITUS, FACULTY OF ODONTOLOGY, UNIVERSITY OF ICELAND, EDITOR ICELANDIC DENTAL JOURNAL, REYKJAVÍK, ICELAND
ORCID ID 0000-0002-9504-4043

ICELANDIC DENT J 2026; 44(1): 63-69
doi: 1033112/tann.44.1.5
Accepted for publication June 3, 2024

Forensic odontology is a special discipline in dentistry. Forensic odontologists primarily work on assignment from authorities or closely related disciplines as forensic medicine. Examples of main tasks for forensic odontologists are personal identifications by means of the teeth, age assessments, and examination of evidence objects suspected to be of dental/ odontological origin or objects /tissue with suspected dental impact. This paper provides an appetizer in the form of an overview of the most important issues in forensic odontology which are covered in the present Nordic Theme issue.

Keywords: Forensic Odontology, Forensic Dentistry
Correspondence: Anna Jinghede Sundwall, anna.jinghede@polisen.se